

Tillögur Sprettis um nýtingu taðs

1 Almennt

Hestamannafélagið Sprettur er ípróttafélag með starfsemi í tveimur sveitarfélögum, Garðabæ og Kópavogi. Á félagssvæði Sprettis á Kjóavöllum, eru haldin u.þ.b 2.000 hross og félagsmenn eru vel á annað þúsund. Að auki er eitthvað um að fólk stundi hestamennsku án þess að vera félagsbundið.

Fylgífiskur þess að halda hross á húsi er að losa þarf tað frá hrossunum. Frá hverju hrossi koma um 20 kg af taði blönduðu undirburði á hverjum sólarhring sem losa þarf. Áætlað er að á ári hverju verði til u.þ.b. 4.000 tonn af taði á félagssvæði Sprettis á Kjóavöllum.

Í gegnum tíðina hefur taðið verið notað til uppgræðslu og jarðvegsbætingar. Eins og kunnugt hljóp snurða á práðinn varðandi losun taðs frá hesthúsabyggðum á höfuðborgarsvæðinu á haustdögum 2024. Leitað hefur verið lausna til skemmri og lengri tíma með hagaðilum og komið hefur fram vilji til nýtingar á taðinu til landbóta þar sem því verður við komið.

Til þess að nýta taðið eru tvær meginleiðir fyrir hendi þ.e. því má blanda við annan jarðveg hvort heldur er til að auka jarðvegsgæði eða nýta þar sem verið er að byggja upp land án markmiða um gróðurbætingu. Hér að neðan verður fjallað um nokkrar tillögur hestamannafélagsins um nýtingu taðs til góðra verka innan sveitarfélaganna tveggja. Tillögurnar miðast við það að einungis Spretti verði heimilt að losa hrossatað á þeim svæðum sem hér eru til umræðu.

2 Tillögur um nýtingu taðs

2.1 Uppbygging lands fyrir nýjan kirkjugarð í Garðabæ

Í landi Garðabæjar er nú unnið að því að auka jarðvegsþykkt í nýjum grafreit í Rjúpnadal sem liggur norðan Vífilstaðavegar við Andvara.

Lagt er til að tað verði nýtt með öðrum jarðvegi í hlutföllunum 10-15% af heildarmagni sem losað er á svæðinu. Sprettur gerir að tillögu sinni að verktaki sem þjónustar bæði Sprett og Garðabæ stjórni losun taðs inn á svæðið og beri ábyrgð á því að blanda því saman við annan jarðveg.

Taðinu yrði jafnað út jafn óðum og það er flutt á svæðið og það þannig blandað öðrum jarðvegi sem þangað er fluttur. Hér er um sambærilega lausn að ræða og samkomulag er um milli Reykjavíkurborgar og Hestamannafélagsins Fáks um losun í kirkjugarðsreit í Úlfarsárdal.



Mynd 2.1 Svæði nýs grafreits í Rjúpnatal.



Mynd 2.2 Staðsetning Rjúpnadals

2.2 Jarðvegsbætur á opnum svæðum í nærumhverfi félagssvæðis Sprettis

Lagt er til að valin verði svæði í nærumhverfi félagssvæðis Sprettis þar sem taðið verði nýtt til að bæta jarðvegsgæði. Farnar hafa verið skoðunarferðir um nærumhverfið og svæði sem félagið telur vera vænleg til að bæta með taði. Þeim jarðvegsbótum mætti svo fylgja eftir með því að planta í þau trjáplöntum eða öðrum gróðri í samráði við bæjarfélögin og skógræktarfélög þeirra. Við val á svæðum er lögð áhersla á að velja svæði sem eru nálægt félagssvæðinu og þar sem aðgengi er gott.


Svæði A: Landsvæði suður af Guðmundarlundi – Stækkun Guðmundarlundar

Um er að ræða svæði suður af Guðmundarlundi í landi Kópavogs. Svæðið er í dag lítið gróið og að hluta vaxið lúpínu. Jarðvegsbætur á landsvæðinu, og plöntun trjáplantna í kjölfarið, skapar áhugaverðan möguleika á að stækka Guðmundarlund og auka útivistarmöguleika þar enn frekar, sem og aukna möguleika á útikennslu þar fyrir börn o.fl. spennandi.

Verkefnið „Stækkun Guðmundarlundar“ gefur jafnframt möguleika á því að nýta lausan jarðveg (mold) frá nýju uppbyggingarsvæði í Vatnsendahlíð til að blanda saman við taðið.



Mynd 2.3 Landsvæði sunnan Guðmundarlundar, horft að Guðmundarlundi.



Mynd 2.4 Landsvæði sunnan Guðmundarlundar

Svæði B: Landsvæði við Sandhlíð

Um er að ræða svæði við Sandhlíð norðvestur af Guðmundarlundi í landi Garðabæjar. Svæðið er í dag lítið gróið og að hluta vaxið lúpínu. Jarðvegsbætur á landsvæðinu væru vel til þess fallnar að rækta þar skóg til aukningar á skógrækt í landi Garðabæjar og sem mótvægi við það skóglendi sem mögulega þarf að víkja á öðrum svæðum í bæjarfélaginu vegna uppbyggingar. Þá gæti svæðið einnig boðið uppá skemmtilega útivistarmöguleika samhliða.

Verkefnið gefur möguleika á því að nýta lausan jarðveg (mold) frá uppbyggingarsvæðum til íblöndunar.



Mynd 2.5 Sandhlíð, n.v. af Guðmundarlundi



Mynd 2.6 Við Sandhlíð



Mynd 2.7 Sandhlíð, vestan Guðmundarlundar

Svæði C: Gryfja við Sandhlíð

Skammt frá svæði B við Sandhlíð í landi Kópavogsbæjar er gryfja sem líklega er gömul aflögð efnisnáma. Þarna er því allnokkur hola sem fyllist af vatni þegar vatnavextir eru en er annars ógróin urð.

Aðstæður á þessu svæði eru til þess fallnar að þar væri hægt að koma upp n.k. grenndarstöð fyrir hrossatað þar sem hver sem vill getur sótt tað sem búið er að brjóta sig og er þar með fullbúið til nýtingar til uppgræðslu og jarðvegsbætingar t.d. til dreifingar á uppgræðslusvæði og skógrækt í nágrenninu eða hvar sem vera vill.



Mynd 2.8 Gryfjan við Sandhlíð fyllist af vatni þegar snjóa leysir en er öllu jöfnu ógróin urð.




Mynd 2.9 Staðsetning gryfjunnar við Sandhlíð.

Svæði D: Svæði við Grunnavatn nyrðra

Um er að ræða svæði norður af Grunnavatni nyrðra, í landi Garðabæjar, þar sem land er rýrt. Jarðvegsbætur á landsvæðinu væru vel til þess fallnar að þar væru gerð skjólbelti með trjágróðri ásamt því að sáð yrði grasi í hluta svæðisins og gerðar náttúrulegar þrautabrautir fyrir þjálfun í hestaíþrótt sem nefnd er „Trekki“ og felur í sér þjálfun hests og knapa í að leysa hinar ýmsu þrautir.



Mynd 2.10 Landsvæði við Grunnavatn nyrðra



Mynd 2.11 Staðsetning landsvæðis við Grunnavatn nyrðra

2.3 Svæði meðfram akvegum og reiðvegum

Í nágrenni félagssvæðisins má víða finna svæði meðfram reiðvegum og akvegum, þar sem gróðurmanir myndu bæta og fegra umhverfið auk þess að veita skjól og aukið öryggi fyrir vegfarendur. Í manir mætti planta trjágróðri eða sá í þær grasi, eftir atvikum og aðstæðum á hverjum stað. Hér á eftir eru dæmi um svæði.

Svæði E: Mön milli Elliðavatnsvegur og Andvarasvæðisins

Lagt er til að gerð verði mön á milli Elliðavatnsvegur og Andvarasvæðisins, í landi Garðabæjar, og síðan áfram inn á Grunnuvatnaleið, meðfram reiðveginum. Þessi mön er einnig öryggisatriði þar sem hún myndi skapa hindrun á milli akvegarins og reiðvegarins en mikil umferð ökutækja er um Elliðavatnsveg á þessu svæði.



Mynd 2.12
Elliðavatnsvegur, reiðstígur meðfram Andvarahverfinu. Lítil hindrun er fyrir hross að hlaupa út á veginn eða bíla að aka inn á reiðveginn. Mön á þessum stað gæti skapað



Mynd 2.13
Reiðvegurinn við Andvara, horft í átt að Grunnuvatnaleið.

Svæði F: Mön meðfram reiðvegi ofan Guðmundarlundar og áfram innúr

Mön meðfram reiðvegi ofan Guðmundarlundar, í landi Kópavogs, og inn úr. Slík mön myndi bæði veita skjól og auka aðskilnað milli akandi og ríðandi umferðar. Þar er reiðvegurinn víða talsvert hærri en landið í kring. Slíkar aðstæður skapa slyshættu bæði fyrir hest og knapa ef fer fram af kanti reiðvegar og út í grófan jarðveginn í kring.



Mynd 2.15 Reiðvegur ofan Guðmundarlundar

2.4 Fegrun og umhverfisbætur á félagssvæði Sprettis

Á félagssvæði Sprettis er víða þörf á að vinna að margvíslegum umhverfisúrbótum þar sem tað gæti nýst til að flýta fyrir uppgræðslu og landmótun. Æskilegt væri að vinna útfærslu þeirra hugmynda með garðyrkjustjórum sveitarfélaganna. Þá væri tað gott efni til að hækka mön umhverfis kerrustæði við Markarveg og flýta fyrir vexti trjágróðurs til að gera umhverfi þess fallegra og skjólbetra. Einnig væri til bóta að skerma af rúllustæði við reiðhöllina á Andvarasvæðinu og skapa þannig bæði skjól og auka fegurð svæðisins.



Mynd 2.16 Rúllustæði á félagssvæði Sprettis

2.5 Lokaorð

Fleiri svæði í nágrenni félagsvæðisins en þau sem hér eru útlistuð gætu komið til greina til að bæta jarðveg og rækta á þeim í framhaldi. Félagið hefur einnig haft samband við ýmis félagasamtök svo sem golfklúbba og skógræktarfélög og er vilji hjá þeim til að nýta taðið til uppgræðslu, landmótunar og jarðvegsbóta.

Þessar hugmyndir eru settar fram til að skapa umræðugrundvöll til að leysa mikilvægt hagsmunamál hestamanna í Kópavogi og Garðabæ en hafa einnig að markmiði að þær stuðli að bættu umhverfi og að nýta taðið til jarðvegsbóta og uppgræðslu. Við minnum einnig á að augin jarðvegþykkt og gróður eru mikilvæg fyrir vatnsmiðlun og vatnsvernd, gróður hægir á flæði vatns og kemur í veg fyrir að jarðvegur skolist burt.

F.h. Hestamannafélagsins Sprettis

Davíð Áskelsson
Stjórnarmaður í Spretti

Sigurður Guðni Sigurðsson
Formaður Sjálfbærninfndar Sprettis